

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2021

Mál nr. S-607/2020:

## Héraðssaksóknari

(*Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari*)

**gegn**

**X,**

(*Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður*)

**Y og**

(*Ásgeir Þór Árnason lögmaður*)

**Z**

(*Ásgeir Þór Árnason lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar sl., var höfðað með ákæru, útfinni af héraðssaksóknara 16. janúar 2020, á hendur: „X, kt. [...], [...] í [...], Y, kt. [...], [...] í Reykjavík og Z, kt. [...], [...] í Reykjavík (fyrirsvarsm. beggja félaga A, kt. [...], [...]) fyrir tollalagabrot og peningaþvætti:

### I

Á hendur ákærðu X fyrir tollalagabrot á árunum 2016 til 2018 með því að hafa sem starfsmaður meðákærðu félaganna Y (hér einnig: Y) og Z, í neðangreindum átta tilvikum innflutnings sömu félaga á nautakjötsafurðum frá Bretlandi, veitt tollyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um tegund hluta afurðanna, nánar tiltekið frosna nautaframparta (e. „Frozen Chuck“), með því að koma því til leiðar að tollmiðlari sem sinni tollskjalagerð í umboði félaganna tilgreindi þær í öllum tilvikum ranglega á aðflutningsskýrslum fyrir tollafgreiðslu undir tollskrárnúmeri 0202.2009 sem kjöt með beini í stað þess að þær væru réttilega tilgreindar undir tollskrárnúmeri 0202.3009 sem beinlaust kjöt, eins og raunin var.

Dags.	Kauptandi / Innfytj.	Vörulýsing	Sendingsnúmer	Tollf. skv. aðfutmings-skýrslum	Fjárhæðir í íslenskum krónum			
					Heildargreiðsla skv. tollf. 0202.2009	Heildargreiðsla m. v. tollf. 0202.3009	Missummar / Ávinningur	
1	24.5.2016	Y	Frozen chuck / Body fat E BAK 02 05 6 GB IMM W126	0202.2009	4.608.935	6.492.556	1.883.621	
2	2.8.2016	Y	Frozen chuck / Body fat E LAG 01 08 6 GB IMM W100	0202.2009	4.520.878	6.418.445	1.897.567	
3	4.10.2016	Y	Frozen chuck / Body fat E BAK 03 10 6 GB IMM W104	0202.2009	4.568.160	6.650.138	2.081.978	
4	19.1.2017	Y	Frozen chuck / Body fat E LAG 16 01 7 GB IMM W081	0202.2009	4.483.409	6.564.058	2.080.649	
5	4.5.2017	Z	Frozen chuck / Body fat E LOM 03 05 7 GB IMM W133	0202.2009	6.165.544	9.085.539	2.869.995	
6	22.8.2017	Z	Frozen chuck / Body fat E LOM 21087 GB IMM W100	0202.2009	5.980.713	8.760.375	2.779.662	
7	19.12.2017	Z	Frozen chuck / Body fat E LAG 18127 GB IMM W086	0202.2009	6.531.617	9.529.269	2.997.652	
8	4.4.2018	Z	Frozen chuck / Body fat E BLI 0204 8 GB IMM W014	0202.2009	6.474.827	9.473.459	2.998.632	
							<b>19.589.756</b>	

Þetta telst varða við 1. mgr., sbr. 5. mgr., 172. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

## II

### A

Á hendur ákærða féluginu Y fyrir peningabætti, í tengslum við frumbrot ákærðu X sem nánar eru tilgreind í ákærutexta og tilvikum 1-4 í töflu í ákærukafla I, með því að hafa í þeim fjórum tilvikum á árunum 2016 og 2017 með greiðslu lægri aðflutningsgjalda en viðkomandi kjötafurðir áttu réttilega að bera nýtt sér eða aflað öðrum ávinnings af tollalagabrotum ákærðu X, samanlagt að fjárhæð 7.943.815 krónur.

### B

Á hendur ákærða féluginu Z fyrir peningabætti, í tengslum við frumbrot ákærðu X sem nánar eru tilgreind í ákærutexta og tilvikum 5-7 í töflu í ákærukafla I, með því að hafa í þeim þremur tilvikum á árinu 2017, með greiðslu lægri aðflutningsgjalda en viðkomandi kjötafurðir áttu réttilega að bera, nýtt sér eða aflað öðrum ávinnings af tollalagabrotum ákærðu X, samanlagt að fjárhæð 8.647.309 krónur.

Þetta telst varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 19. gr. d. sömu laga, sbr. 2. mgr. 171. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Þess er krafist að hin ákærðu félög verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Með úrskurði héraðsdóms 18. september 2020 var kröfu ákærðu um frávísun málsins hafnað.

## I

Af hálfu ákærðu var lögð fram greinargerð, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Eftir að málið hafði verið flutt um frávísunarkröfu ákvað dómari, í ljósi hagsmuna allra ákærðu, að skipa hinum ákærðu félögum annan verjanda í stað þess að hafa sama verjanda og ákærða X. Sá verjandi óskaði ekki eftir að leggja fram nýja greinargerð af hálfu félaganna.

Ákærða X krefst þess aðallega að hún verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að hún verði dæmd til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærðu hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins er greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu hinna ákærðu félaga, Y og Z, er þess aðallega krafist að félögin verði sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að þau verði dæmd til vægustu refsingar er lög leyfa. Þá krefst verjandi félaganna hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins er greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu ákærðu er sýknukrafa aðallega á því byggð að þau hafi ekki brotið gegn þeim lagaákvæðum sem í ákæru greinir. Er sérstaklega vísað til þess að huglæg afstaða þeirra hafi ekki náð til þeirra brota sem ákært er fyrir og að verknaðarlýsing í I. ákærulið falli ekki undir þau ákvæði tollalaga sem þar er vísað til en þau beri að skýra þröngt. Samkvæmt 172. gr. laga nr. 88/2005 varði það refsingu að „veita“ rangar eða villandi upplýsingar en ákærðu X sé í ákæru gefið að sök að hafa veitt tollyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar með því að koma því til leiðar að nánar tiltekinn innflutningur hafi verið tollafgreiddur á tilgreindan hátt. Hafi hún aldrei „veitt“ rangar eða villandi upplýsingar og rúmist háttsemi hennar því ekki innan verknaðarlýsingar ákvæðisins og hún sjálf aldrei komið fram gagnvart tollayfirvöldum.

Af hálfu hinna ákærðu félaga er á því byggt að sýkna beri þau verði ákærða X sýknuð af broti samkvæmt I. kafla ákæru. Er þá sýknað af frumbroti og því getur eftirfarandi meðferð meints hagnaðar ekki verið ólögæt. Þá er á því byggt að félögin hafi engan hagnað haft af ætluðu broti.

## II

Ákærða, X, var starfsmaður M þegar þau atvik gerðust er greinir í ákæru. Þar er hún talin hafa framið þau brot sem þar greinir sem starfsmaður hinna ákærðu félaga, Y

og Z Um þetta er deilt í málinu en fyrir liggur að ákærða var aðstoðarmaður eiganda hinna ákærðu félaga, A.

Hin ákærðu félög eru, samkvæmt því sem fram er komið í málinu, rekin í tengslum við [...] Y. Tveir slíkir staðir eru reknir hér á landi af félögum tengdum A og vitninu B en aðrir slíkir staðir starfa á grundvelli „franscise“. Upphaflega hafi hráefni fyrir þá hamborgara sem seldir voru á [...] verið keypt innanlands. Vegna skorts á hráefni hefði verið gerður samningur við breska kjötframleiðslufyrirtækið N um innkaup á nautakjöti og fitu. O hefði síðan annast verkun hráefnisins og útbúið hamborgara sem seldir hefðu verið aðilum sem reka Y á Íslandi. Ákærðu X hefði verið falið að sjá um innflutning hráefnisins og tollafgreiðslu og hefði hún leitað til P um skjalagerð og tollafgreiðslu. Ákærða kom fram fyrir hönd innflytjanda og var sem slík í samskiptum við P og sendi þeim tilskilin gögn, m.a. reikninga erlendis frá og vottun um frystingu kælivöru. Starfsmenn P, aðallega C, hefðu útbúið aðflutningsskýrslur og sent tollstjóra í gegnum tollkerfi. Samkvæmt ákæru kom ákærða því til leiðar að kjötið var fært í rangan tollflokk. Það hafi leitt til þess að innflutningsgjöld voru of lág og eru félögin ákærð fyrir peningaþvætti, sbr. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hvað varðar mismun þess sem greitt var í aðflutningsgjöld og greiða hefði átt ef hráefnið hefði verið fært í réttan tollflokk.

Rannsókn málsins hófst eftir að tollvörðum barst beiðni greiningardeildar tollstjóra um að sending sem tilgreind er númer átta í ákæru yrði skoðuð og þá sérstaklega með tilliti til tollflokunnar. Var þá kallaður til D kjötiðnaðarmaður og taldi hann að um væri að ræða nautakjöt úr framparti eða hálsvöðva, svokallað „chuck“. Með vísan til þess töldu tollverðir að kjötið væri ranglega flokkað í tollflokk 0202.2009. Samkvæmt yfirliti frá tollstjóra höfðu félögin flutt inn nokkrar sendingar á undan þeim sem greinir í ákæru þ. á m. 30. september 2015, sem innihélt „frozen chuck“ og „body fat“ og var sú sending tollflokkuð í flokk 0202.3009. Fyrir liggja tölvupóstsamskipti milli ákærðu og starfsmanna P vegna sendinganna. Hvað framangreinda sendingu varðar þá liggur fyrir tölvupóstur, dagsettur 29. september 2015, þar sem ákærða vísar í reglugerð um tollkvóta vegna tollflokks „chuck 0202.3009“ sem er 270 krónur per kg og tollflokks 1502-9030 „fyrir fat“ 0 krónur. Sagði hún að áriðandi væri að tollafgreiða sendinguna á morgun þar sem sú reglugerð sem þau miði við renni þá út. Í tölvupósti 12. maí 2016 bað ákærða starfsmenn P að hafa samband við sig vegna sendingar sem rakin er í fyrsta tilvikinu er greinir í ákæru og sagðist vera með þælingar um tollflokkun. Með tölvupósti 17. maí

2016, vegna sömu sendingar, bað ákærða starfsmann P um að leiðrétta aðflutningsskýrslu áður en hún yrði send tollstjóra og flokka nautakjötið í tollflokk 0202.2009. Þann 3. október, vegna þriðja tilviksins, óskaði ákærða eftir því að skýrsla yrði leiðrétt og kjötið fært úr tollflokki 0202.3009 í 0202.2009. Þann 4. maí 2017 samþykkti ákærða að skýrsla er varðar tilvik fimm yrði send inn eftir yfirlestur. Þá staðfesti ákærða með tölvupósti 24. apríl 2018 að kjötið sem hafði verið tollflokkað í 0202.2009 væri án beina.

Meðal framlagðra gagna eru einnig aðflutningsskýrslur vegna þeirra sendinga er greinir í ákæru og fylgigögn vegna vinnslu þeirra. Þá liggja fyrir upplýsingar um mismun gjalda á sendingarnar eftir því hvort kjötið er flokkað í tollflokk 0202.2009 eða 0202.3009, yfirlýsing starfsmanns O, dagsett 29. júní 2018, um að fjarlægja þurfi hluta spjaldbeins og beinflísar við vinnslu hins innflutta kjöts, vottorð fyrirtækjaskrár vegna hinna ákærðu félaga og tilkynningar frá MAST (Matvælastofnun) um innflutning. Einnig liggur fyrir skýrsla Matís, dagsett 21. febrúar 2019, vegna skoðunar á sendingu sem tilgreind er númer átta í ákæru. Kemur þar fram að tekin hafi verið nokkur sýni úr sendingunni sem öll hefðu reynst innihalda sams konar vöðva, hluta framhryggs, og hefði hann að öllu leyti verið beinlaus.

Ákærða gaf skýrslu hjá tollstjóra 6. júní 2018. Þar kemur fram að hún hefði sjálf aldrei séð varninginn, hafi ekkert komið að framleiðslu og sé einungis milliliður. Þá hefði hún enga fagþekkingu þegar kæmi að tollafgreiðslu. Milli sendinga hefði flokkunin farið yfir í flokk 0202.3009 og við það hefðu aðflutningsgjöld hækkað. Hún hefði þá farið í tollskrána og séð að „kjöt bein, ekki beinlaust“, sé frekar í samræmi við fyrri sendingu. Þá hefði orðið ruglingur en hún ekki fengið neinar athugasemdir vegna þess og talið að starfsmenn P hefðu sem fagmenn átt að gera athugasemdir. Ákærða var spurð um sendingu sem afhent var 30. september 2015 og fyrsta tilvikið í ákæru og henni bent á að varan væri tilgreind sú sama á reikningunum í báðum tilvikum. Sagðist ákærða ekki vera með skýringu á þessu en það sem hefði vakið upp spurningar hjá henni var að gjöldin voru hærrí. Þá kom fram hjá ákærðu að þegar hún staðfesti að kjötið væri án beina hefði hún þurft að afla sér þeirra upplýsinga. Ákærða gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara 11. febrúar 2019 og var framburður hennar í meginatriðum á sama veg og að framan greinir.

A gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara, 14. febrúar 2019, sem sakborningur vegna fyrirsvars fyrir hin ákærðu félög. Staðfesti hann að hann ræki félögin auk fleiri félaga og að ákærða starfaði sem aðstoðarkona hans. Það kjöt sem innflutningurinn varði sé keypt af N í Bretlandi og flutt inn til landsins. Hann hefði beðið ákærðu um að sjá um þetta og

hún þá haft samband við P. Sagði hann kjötið vera selt áfram á því verði sem það er keypt til O. Sagði hann öll félög í tengslum við rekstur Y hafa verið sameinuð í Z og falli öll leyfi, réttindi að vörumerkjum og annað, þar undir og sé félagið nú orðið hlutafélag. Hann sé forstjóri félagsins og 70% eigandi ásamt konu sinni og félögum í kringum hann. Ákærða vinni fyrir eignarhaldsfélag hans, M, og rukki hann Z fyrir þjónustu þeirra. Þegar vantaði kjöt hefðu starfsmenn O látið vita og ákærða pantað það sem milliliður. Kvaðst hann ekki þekkja til þess hvernig ákvarðanir um tollflokkun væru teknar en staðfesti að engin breyting hefði orðið á því kjöti sem var keypt. Hann sagði kjötið vera beinlaust en mikið af beinflísu og brjóski hefði reynst vera í því, þó ekki stór bein. Hefði þetta leitt til aukinnar vinnu við kjötið áður en það er hakkað.

Einnig var við rannsókn málsins tekin skýrsla af B, skráðum stjórnarmanni og framkvæmdastjóra Y, með réttarstöðu sakbornings. Staðfesti hann að hafa, á þeim tíma sem ákæra tekur til, verið skráður á þennan hátt en í raun hefði hann hætt að sinna rekstrinum hér á landi árið 2012. Sagði hann A hafa verið forstjóra hinna ákærðu félaga á þessu tímabili. Sjálfur hefði hann engar upplýsingar um ákæruefnið.

Við rannsókn málsins var einnig tekin skýrsla af C, [...] hjá P, með réttarstöðu sakbornings. Fram kom hjá henni að hún hefði starfað sem [...] hjá P og séð um tollskýrslugerð vegna þeirra atvika er greinir í ákæru. Hún hefði ávallt sent ákærðu skýrslurnar til yfirlestrar áður en hún sendi þær til tollstjóra og í tenglum við það hefði hún fengið beiðni um leiðréttingu frá ákærðu. Hún hefði sett sendinguna frá því í september 2015 í flokk 0202.3009 og einnig þá sem greinir í fyrsta tilviki í ákæru en þá fengið beiðni frá ákærðu um breytingu og breytt flokkuninni í samræmi við það. C gaf einnig skýrslu hjá héraðssaksóknara sem vitni 21. febrúar 2019. Staðfesti hún þann framburð sem hún hafði áður gefið hjá tollstjóra sem sakborningur. Lýsti hún ferlinu svo að ákærða hefði sent reikning til P til að þau gætu tollafgreitt. Þar sjáist verð vörunnar, gjaldmiðill og stundum tollflokkun en svo var ekki í þessum tilvikum. Þegar tollflokkun vanti sé notast við vöruheiti á reikningi en annars leitað eftir upplýsingum og séu þau ekki viss er send fyrirspurn á tollstjóra. Hefði hún skoðað eldri skýrslu þar sem eins sending var sett í flokk 0202.3009 og notast við sama flokk og sent skýrsluna þannig til ákærðu. Ástæða þess að vitnið setti kjötið í þennan flokk var sú að þannig var það flokkað í leyfi MAST sem þurfi ávallt vegna innflutnings á matvælum. Ákærða hefði þá sagt vitninu að þetta væri ekki réttur flokkur og gefið henni upp flokk 0202.2009 og þá skýringu að kjötið væri með beini. Það eina sem vitnið vissi var að um kjöt var að ræða

og hún þurfti því að treysta ákærðu hvað þetta varðar. Þá staðfesti hún að skýrslurnar hefðu alltaf verið sendar ákærðu til yfirlestrar áður en þær voru sendar til tollstjóra.

Við rannsókn málsins var tekin skýrsla af vitninu E, framkvæmdastjóra O, en ekki er ástæða til að rekja efni hennar.

### III

#### *Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi*

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærða neitaði alfarið sök. Hún kvaðst hafa starfað hjá M, sem sé félag sem haldi utan um önnur félög í eigu A, og verið aðstoðarkona hans og skrifstofustjóri félagsins. Þar hefði hún starfað frá því í janúar árið 2014 þar til í september 2020. Kvaðst hún ekki hafa sjálf haft neinna persónulegra hagsmuna að gæta vegna innflutningsins. A hefði beðið hana um að vera milligöngumaður vegna innflutnings á kjöti. Gerði hún samning við P um tollafgreiðslu og tók að sér að vera í samskiptum við P. Einnig hefði hún verið í samskiptum við N sem seldi kjötið og sendi hún P gögn frá þeim. Hefði hún að þessu leyti séð um kjötinnflutninginn og enginn annar hjá félaginu komið að því eða gefið henni fyrirmæli um það hvernig staðið skyldi að innflutningnum. Sjálf hefði hún tekið ákvarðanir hvað þetta varðar í samskiptum hennar við P. Ákærða staðfesti að hafa komið að innflutningi félaganna sem rakinn er í ákæru og einnig að tilvikum fyrir þann tíma sem rakin eru í framlögðu yfirliti tollstjóra að því marki að hún sendi inn beiðni um gerð tollskýrslu og kom til P gögnum svo hægt væri að útbúa skýrslurnar.

Ákærða kveðst kannast við sendingu sem afgreidd var 30. september 2015 nr. [...]. Borin var undir ákærðu afhendingarseðill vegna sendingarinnar og henni kynnt að þar komi fram að varan sé „frozen chuk“ og staðfesti ákærða að um væri að ræða sömu vöru og flutt var inn með þeim sendingum er greinir í ákæru. Það sé ekki fyrr en þegar síðasta sendingin kom í apríl 2018 að hún gerði sér grein fyrir því að sendingarnar áttu allar að vera í flokki 0202.3009. Aðspurð hvers vegna þetta var flutt inn undir 0202.2009 sagði ákærða að það hefði komið eitthvert fát á hana. „Frosið nautakjöt“ og „innan sviga annað“ voru flokkar sem hún var að velkjast á milli og „þetta bara gerðist“. Hér sé valinn réttur tollflokkur en hún viti ekki hvers vegna. Mikill verðmunur var á milli þessarar sendingar og næstu sendingar á eftir og hefði þá komið eitthvert fát á hana og hún talið að þetta væri vegna tollflokka en formáli tollflokka var eins.

Þá var borinn undir ákærðu tölvupóstur hennar til starfsmanna P 29. september 2015. Var henni kynnt að þar komi eftirfarandi fram: „Með vísan í reglugerð um tollkvóta vegna tollflokki Chuck 0202-3009 sem er 270 per kilo og tollflokki 1502-9030 fyrir fat 0 kr. Það er áriðandi að tollafgreiða meðfylgjandi á morgun, því reglugerð sem við miðum við rennur út á morgun.“ Sagði ákærða að um hefði verið að ræða útboð sem þau hefðu viljað taka þátt í og það rynni út á þessum degi. Það hefði því þurft að afgreiða sendinguna þennan dag til að geta fallið undir útboðið sem hefði leitt til þess að þetta varð ódýrara.

Þá var borin undir ákærðu tölvupóstur hennar til P, frá 27. apríl 2016, þar sem hún óskaði eftir tollafgreiðslu sendingar, og frá 12. maí sama ár vegna sömu sendingar, þar sem fram komi að ákærða hefði sent eftirfarandi til starfsmanns P: „Vinsamlegast hafið samband við mig varðandi tollflokkan, er með spurning hvað það varðar.“ Var ákærða spurð hver fyrirspurnin hefði verið og kveðst hún ekki muna það og heldur ekki hvort haft hefði verið samband við hana eða einhverjar umræður hefðu skapast um þetta.

Þá var borin undir ákærðu tölvupóstur hennar til starfsmanns P frá 17. maí 2016 þar sem fram komi: „Vegna innflutnings á frosnu nautakjöti fyrir hakkefni. Það á að vera í Tollnr. 0202.2009 B flokk. Viltu leiðrétt og senda á mig aftur áður en þú sendir áfram á tollinn.“ Staðfesti ákærða að starfsmaður P hefði líklega verið búinn að senda henni drög að skýrslu og kjötið þá væntanlega verið sett í tollflokki 0202.3009. Hún hefði óskað eftir því að þetta yrði leiðrétt en var þá að gera mistök. Ástæða þess hefði verið sú að verðmunurinn hefði verið gríðarlegur miðað við þær sendingar sem komu á undan og hefði hún fengið hálf gert sjökk. Hafi hún talið að þetta væri réttur flokkur og þarna hefðu mistökin byrjað og aldrei verið leiðrétt. Sjálf hefði hún treysti því að tollmiðlarinn gerði þetta rétt í samræmi við lög og reglugerðir. Þá er borinn undir ákærðu tölvupóstur sem hún sendi degi síðar, 18. maí 2016, til starfsmanns P og segir: „algjört must að þetta fari í B toll þar sem þetta fellur undir það.“ Sagði ákærða þá að hún telji að nýir starfsmenn hefðu þarna komið að málinu af hálfu P, og hún þá upplifað óöryggi og talið að aftur væri að byrja eitthvert vesen. Í upphafi innflutningsins hefði verið óljóst hvaða gögn þyrfti og hún beðin um þau gögn, t.d. alls konar vottorð. Upplifði hún þá fát og óöryggi.

Ákærðu var kynnt að hvað varðar tilvik númer tvö í ákæru þá hefði hún samkvæmt fyrirbyggjandi tölvupóstsamskiptum verið í samskiptum við starfsmann P í júlí og ágúst 2018 og hann sent ákærðu tollskýrslu og ákærða þá svarað honum: „Takk þessi tollskýrsla í flokki 2009 er málið ...“ Staðfesti ákærða þetta og sagði að hún hefði ítrekað

þetta af því að hún taldi þetta vera rétt. Hún hafði alltaf verið örugg með þetta þar sem hún hefði einungis gert þetta á þriggja mánaða fresti. Kvaðst hún hafa treyst því að tollmiðlarar leiðréttu það sem væri rangt. Sagði ákærða að tollmiðlar hefðu einungis haft þau skjöl sem hún hafði.

Ákærðu var, hvað varðar tilvik númer þrjú í ákæru, kynnt fyrirleggjandi tölvupóstsamskipti hennar við starfsmann P, frá 29. september 2016, þar sem hún óskaði eftir því að tollskýrsla yrði gerð vegna sendingar sem væri að koma og staðfesti ákærða það. Þá var borinn undir ákærðu tölvupóstur frá starfsmanni P, frá 3. október 2016, þar sem ákærðu var send tollskýrsla með þessum orðum: „... endilega láttu mig vita ef þú ert sátt ...“ Einnig var henni kynnt svar hennar sama dag: „Þetta á að vera í tollflokki 2009 en ekki 3009. Viltu leiðréttu þetta og senda mér aftur.“ Sagði ákærða að hún hefði sagt þetta eftir að hafa flett upp gögnum um þetta. Sjálf var hún óviss með kjötið, hvort það væri með beinum, flísum eða hvað. Kjötið var beinlaust en var flutt inn eins og það væri með beini, og sagði ákærða að beinflísar hefðu verið að trufla hana. Hún minnst þess að haldinn hefði verið fundur hjá þeim og þá voru þeir sem voru með „franchise“ á [...] með bein í boxi og það ruglaði hana. Þá var ákærðu kynnt að síðar sama dag hefði hún, samkvæmt framlögðum tölvupósti, óskað eftir því að þetta yrði leiðrétt til baka í flokk 2009. Kveðst ákærða þá alltaf hafa verið að horfa á tölurnar og hefði henni ekki fundist þær passa. Kveðst hún alltaf hafa verið að flýta sér að búa til reikninga til að geta greitt birgjum og annað. Hefði hún séð að kostnaðurinn var verulega hár miðað við þrjár fyrstu sendingarnar.

Þá var ákærðu kynntur framlagður tölvupóstur hennar til starfsmanns P þar sem hún óskaði eftir aðstoð við tollafgreiðslu frá 21. ágúst 2017 og póstur ákærðu frá 23. sama mánaðar þar sem hún benti starfsmanni P á að tímabundið væri í gildi reglugerð sem þetta félli undir og vísaði í reglugerð um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti. Ákærða sagði þá að eftir að hún sótti um leyfi til innflutnings á kjötinu í ráðuneytinu hefði hún fengið sendar tilkynningar frá ráðuneytinu ef tímabundin lækkun á tollkvótum var í boði. Aðspurð hvers vegna varan hafi átt að fara undir annan tollflokk, 0202.3009, sagði ákærða að þarna hefðu orðið mistök. Þessi tollflokkur sé notaður í opinn kvóta á lægra verði tímabundið, að hana minnti, og að þetta hefði ekki hentað þeim í þessu tilviki þar sem magnið hefði verið of lítið.

Hvað varðar tilvik númer átta í ákæru þá var borin undir ákærðu tölvupóstur hennar, frá 24. apríl 2018, þar sem hún staðfesti að kjötið væri án beina. Kvaðst ákærða

hafa byggt þetta á viðræðum við samstarfsfólk sitt og þarna fái hún það fyrst „hundrað prósent“ staðfest að kjötið væri án beina en hún hafði verið í vafa um það fram að þessu.

Ákærða kveðst ekki hafa aðra reynslu af tollamálum en við innflutning kjötsins og bifreið einu sinni. Kvaðst hún aldrei hafa veitt tollinum upplýsingar heldur einungis verið milligöngumaður um að koma gögnum áfram að beiðni A. Það hefði aldrei verið ásetningur hennar að blekkja og hefði hún treyst því að hún fengi athugasemdir og leiðbeiningar en svo var ekki. Hún hefði annast þetta verkefni á um þriggja mánaða fresti til hliðar við önnur störf og aldrei nákvæmlega kynnt sér þetta. Var það fyrst þegar síðasta sendingin kom til landsins að henni varð þetta ljóst. Þá kveðst hún aldrei hafa verið starfsmaður þeirra félaga sem eru ákærð með henni heldur starfsmaður M sem haldi utan um önnur félög A. Kveðst ákærða vera miður sín yfir því að svona hefði farið. Þá sagði ákærða að eins og tollflokkar 0202.2009 og 0202.3009 blöstu við henni þegar hún fletti þeim upp á síðu tollsins og sjá má á framlögðum útprentunum af síðunni, hefði enginn munur verið á þessum flokkum.

A kvaðst hafa verið forstjóri Y og Z á þeim tíma sem ákæra tekur til og enn vera fyrirsvarsmannur félaganna. Hann hefði stofnað búlluna ásamt vitninu B, [...], og kvaðst alltaf hafa séð um viðskiptahliðina ásamt konu sinni. Sjálfur sinni hann m.a. gæða- og starfsmannamálum. Kvaðst hann einnig reka önnur félög samhliða þessum tveimur.

Fyrirsvarsmanni hinna ákærðu félaga voru kynnt vottorð fyrirtækjaskrár vegna þeirra og sagði hann þau rétt. Hann væri stjórnarformaður Z og hefði verið það þegar atvik gerðust og varamaður og í stjórn og prókúruhafi vegna Y. Hann reki í raun bæði félögin og sé daglegur stjórnandi þeirra. Hann kvaðst sjálfur ekki hafa átt beina aðkomu að þeim innflutningi sem greinir í ákæru. Hans hlutverk sé að móta stefnu félagsins og tryggja gæði. Það hefðu farið að koma upp vandamál hér á landi og þá verið ákveðið að nota sama kjöt og notað er erlendis, sem sé skoskt kjöt. Það hefði orðið niðurstaðan að þau sæju sjálf um innflutninginn og hefði hann beðið ákærðu X að sjá um þetta. Hann hefði ekki gefið henni nein fyrirmæli um það hvernig hún ætti að gera þetta. Sjálfur sé hann í viðskiptum um allan heim og fái þá tollmiðlara til að sjá um svona verkefni enda sjálfur ekki með sérþekkingu hvað þetta varðar. Hefði hann gengið út frá því að þetta yrði einfalt mál. Kvaðst hann ekki minnst þess að á þessu tímabili hefði verið einhver vafi um það hvort það kjöt sem flutt var inn væri með beini eða ekki fyrr en seinasti gámurinn kom. Það hefði því ekki verið fyrr en málið kom upp að hann komst að því að eitthvað væri að. Verðið frá N var að mestu óbreytt en þeir hefðu fengið lækkun þegar

þeir voru farnir að kaupa meira og orðnir stærri viðskiptavinir eftir að fleiri lönd bættust við. O hefði síðan séð um að verka fyrir þá hamborgara í samræmi við þeirra staðla fyrir „búllustaði“. Innflutningurinn hefði síðan færst yfir á Z. Á þessum tíma hefðu verið sjö „búllustaðir“ og hefðu þeir átt tvo þeirra en hinir hefðu verið með „franchise“ og greitt hlutfall af sölu til þeirra. Einnig skuldbindi þeir sig til að kaupa kjöt og brauð í samræmi við samning við Z. Sagði hann það valda honum miklu hugarangri að ákærða X hefði verið ákærð vegna þessara verkefna sem hann fól henni. Þær fjárhæðir sem um ræðir séu lágar þegar litið er til rekstrarins í heild.

Fyrirsvarsmanninum var kynnt að ákæra á hendur félögunum væri vegna peningaþvættis og sagði hann að þeir hefðu ekki fengið neinn ávinning vegna innflutningsins og hefði orðið hagnaður af honum hefði það engin áhrif haft á þá. Ávinningurinn færi til allra þeirra aðila sem kæmu að viðskiptum með kjötið. Þeir hefðu selt kjötið á sama verði til O og þeir keyptu það á hjá N. Þau geri „proforma“ reikning á O fyrir innflutningsverð og síðan endanlegan reikning, þegar varan hefur verið tollafgreidd, með sömu fjárhæð. O framleiddi síðan hamborgara úr kjötinu og seldi áfram til þessara sjö [...]. Raunverulegur ágóði væri því hjá O. Eini ágóði þeirra af viðskiptunum sé meiri gæði kjötsins og hvað varðar neytendur þá séu einu áhrifin stöðugleiki. Kvaðst hann telja að á þeim tveimur árum sem ákæra taki til hefði velta allra staðanna sjö hér á landi verið um tveir milljarðar króna og þar af um 300 milljónir króna vegna þeirra tveggja staða sem þeir reki. Þá séu fleiri staðir erlendis. Sagði hann bæði skrítið og óþægilegt að vera ákærður fyrir peningaþvætti. Hann viti ekki hvar þessi peningar hafi nýst honum þar sem kjötið hefði verið keypt og selt á sama verði og enginn ávinningur því orðið af viðskiptunum. Þá hefði verð hamborgaranna til baka til þeirra ekki breyst á þessu tímabili en hann viti ekki hvort þetta hafi haft einhver áhrif hvað O varðar. Þá kvaðst hann telja að hráefniskostnaður vegna kjötsins væri um 10% af heildarútsöluverði til neytanda og því óverulegur hluti kostnaðar.

Vitnið E kvaðst hafa verið framkvæmdastjóri O á þeim árum sem ákæra tekur til. Á árunum 2016 til 2018 hefðu þeir fengið kjöt frá N sem þeir unnu úr hamborgara fyrir Y. Hin ákærðu félög hefðu séð um innflutninginn. Þegar sendingin var tilbúin til afhendingar hefðu verið gefnir út reikningar sem O hefði greitt og fengið vöruna, frozen chuck, afhenta skömmu síðar. Þeir hefðu engin afskipti haft af innflutningnum eða ákvörðun um tollflokkun vörunnar og enga hagsmuni haft af því. Magnið sem var flutt inn í einu var það mikið að það entist í einhverjar vikur og þá kom næsta sending. [...]

sem þeir unnu úr kjötinu hefðu einungis verið seldir til „[...]“ sem allir hefðu keypt af þeim [...] á sama verði. Kvaðst vitnið ekki muna hver álagningin var á hamborgarana eða framlegð O af þessum viðskiptum en líklega hefðu þeir miðað við að eftir sæti 10% hagnaður, eins og af öðrum viðskiptum, og telja að það hafi nokkurn veginn staðist. Ekki hefði verið gert ráð fyrir að tollar af kjötinu hefðu sérstök áhrif á verð þess. Ef kjötið og fitan hefði kostað meira hefði það líklega haft áhrif á verð. En þeir hefðu ekki mikið breytt verði. Þá gæti gengi einnig haft áhrif. Spurður sagði vitnið að ef þeir hefðu þurft að greiða 1,9 milljónir króna í viðbót fyrir fyrstu sendinguna í maí 2016 vegna tolla gæti verið að það hefði haft áhrif á útsöluverð. Á sama tíma hefðu þeir einnig verið að kaupa þýskt kjöt í gegnum Danmörku og hefði kjötið frá N verið dýrara en það. Í mesta lagi hefði verið hugað að verði einu sinni eða tvisvar á ári og þá ef forsendur hefðu mikið breyst. Á þessum tíu til tólf árum sem viðskiptin hefðu átt sér stað hefðu ekki orðið miklar breytingar á verðinu. Muni vitnið ekki hvort verðið breyttist eftir að byrjað var að flytja kjötið inn í stað þess að kaupa það innanlands.

Vitnið F, starfsmaður hjá Matís, staðfesti að hafa að beiðni héraðssaksóknara tekið sýni úr frosnu nautakjöti sem hafði verið flutt inn. Vitnið staðfesti að hafa skilað skýrslu, dagsettri 21. febrúar 2019, og þá niðurstöðu sína sem þar komi fram, að um beinlaust nautakjöt hefði verið að ræða.

Vitnið B kvaðst ekki hafa tekið þátt í innflutningnum sem rakinn er í ákæru eða haft áhrif á það hvaða upplýsingar voru gefnar í samskiptum við starfsmenn tollstjóra. Vitnið staðfesti að hann væri, og hefði verið á þeim tíma sem greinir í ákæru, skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri hins ákærða félags Y. Sagði hann að [...] A væri, og hefði á þeim tíma verið, daglegur stjórnandi og fyrirsvarsmaður félagsins og í reynd stýrt félaginu og geri enn.

#### IV

##### *Niðurstaða*

Ákærða X er í I. kafla ákærunnar ákærð fyrir tollalagabrot sem í ákæru er talið varða við 1., sbr. 5. mgr. 172. gr. tollalaga nr. 88/2005. Samkvæmt 1. mgr. 172. gr. skal hver sem af ásetningi eða gáleysi veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru, eða vanrækir að leggja fram tilskilin gögn samkvæmt lögum þessum vegna innflutnings vöru, sæta sektum sem að lágmarki nema tvöföldum en að hámarki tíföldum aðflutningsgjöldum af því tollverði sem dregið var undan álagningu

aðflutningsgjalda. Álag á toll og önnur aðflutningsgjöld skv. 86. gr. og 180. gr. b dregst frá sektarfjárhæð. Í 5. mgr. lagaákvæðisins segir svo að hafi brot gegn 1., 3. eða 4. mgr. verið framið af ásetningi varðar það auk sekta fangelsi allt að sex árum ef brotið er ítrekað eða sakir miklar að öðru leyti. Með 13. gr. laga nr. 59/2017, er tók gildi 1. júní 2017, var 1. mgr. 172. gr. breytt á þann veg að í stað stórfellds gáleysis var gáleysi lágmarks saknæmisskilyrði samkvæmt ákvæðinu. Sá innflutningur sem greinir í fyrstu fimm tilvikum í I. kafla ákæru átti sér stað áður en lagaákvæðinu var breytt.

Ákærða X neitar sök. Fyrir dómi lýsti hún því að hún hefði tekið að sér að sjá um innflutninginn að beiðni A sem þá var [...] og fyrirsvarsmáður hinna ákærðu félaga. Sjálf hafi hún ekki haft sérstaka þekkingu á tollskýrslugerð og því leitað til P sem tollmiðlara til að annast þetta. Þá kom hún ekkert að ákvörðunum um það hvaða kjöt yrði keypt. Lýsti hún samskiptum sínum við starfsmenn P en einnig liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli þeirra. Málsgögn staðfesta innflutning í samræmi við það sem greinir í ákæru. Við meðferð málsins var einnig, m.a. með framburði ákærðu, staðfest að í öllum tilvikum hefði verið um að ræða innflutning á sömu vöru „frozen chuk“ og „body fat“.

Sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag hvílir á ákæruvaldinu og metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. sömu laga skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

Samkvæmt 3. mgr. 81 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er fyrningarfrestur vegna brota sem fólgin eru í því að komast undan greiðslu á sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera, aldrei skemmri en 5 ár. Teljast brot ákærðu því ófyrnd. Af hálfu ákærðu hafa ekki verið gerðar athugasemdir við þær fjárhæðir sem ákæra byggir á.

Sannað þykir með framburði ákærðu og þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu að ákærða sá um þann innflutning sem í ákæru greinir af hálfu hinna ákærðu félaga. Ákærða byggir sýknukröfu sína m.a. á því að hún hafi ekki verið starfsmaður félaganna heldur starfsmaður M í eigu A. A kvaðst í framburði sínum fyrir dómi hafa verið fyrirsvarsmáður hinna ákærðu félaga og einnig M. Hafi hann sem slíkur falið ákærðu það verkefni að annast um innflutninginn. Af þessu má ráða að ákærða var starfsmaður eiganda félaganna og vann verkið að beiðni hans eins og önnur verkefni sín. Telur dómurinn að það sé ekki skilyrði þess að um starfsmann sé að ræða í þessu samhengi að

viðkomandi hafi verið skráður launamaður hjá félögunum. Með því að hafa verið í þeirri aðstöðu að hluti verkefna hennar voru í þágu félaganna telur dómurinn að framangreindu skilyrði sé fullnægt og er þessum vörnum ákærðu því hafnað.

Í ákæru eru rakin átta tilvik á um tveggja ára tímabili. Er háttsemi ákærðu þar lýst á sama hátt í öllum tilvikum og ávallt um að ræða innflutning á sömu vöru. Telur dómurinn því að háttsemi sú sem rakin er í þessum átta tilvikum ákæru sé samkynja eða eðlislík. Þá beinast þau að fjárhagslegum verðmætum. Til að talið verði að um framhaldsbrot sé að ræða þurfa brot auk framangreinds að vera framin í nægilegri samfellu eða áframhaldandi röð. Skilyrði þetta er almennt mjög matskennt og engin algild regla til um það hversu langt megi líða á milli tilvika. Það er eðli brotanna sem sker oft úr um þetta fremur en tímalengd milli brota. Skiptir þessi skilgreining máli hvað varðar mat á saknæmisskilyrðum. Háttsemin sem ákært er fyrir á sér stað í annars löglegri starfsemi. Sendingarnar komu reglulega til landsins á nokkurra mánaða fresti. Má af framburði ákærðu og vitna við aðalmeðferð málsins ráða að næsta sending kom í kjölfar þeirrar á undan og með þeim var [...] tryggt áframhaldandi hráefni í samræmi við þær gæðakröfur sem þar var miðað við. Ákærða bar einnig um að við störf sín vegna innflutningsins hafi hún ítrekað litið til fyrri sendinga til að rifja upp feril eða upplýsingar og má þetta einnig ráða af þeim málsgögnum sem liggja fyrir um vinnslu þeirra af hálfu starfsmanna P. Má þar nefna framburð vitnisins C hjá lögreglu. Vegna [...] hafði vitnið ekki tök á að gefa skýrslu við aðalmeðferð málsins. Samkvæmt 3. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála getur dómari þegar svona stendur á metið hvort slík skýrsla vitnis hjá lögreglu hafi sönnunargildi og hvert það sé. Í greinargerð er fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 eru aðstæður sem þessar nefndar í dæmaskyni um tilvik sem átt gætu undir ákvæðið og nefnt að slíkt sé í samræmi við dómafordæmi Hæstaréttar. Framburður vitnis í tilvikum sem þessum hefur þó sjaldnast jafnríkt sönnunargildi og ella væri. Í því efni skiptir m.a. máli hvort skýrsla vitnis hafi verið tekin á myndband eða mynddisk, eins og hér háttar, svo og hvort verjandi hafi verið viðstaddur skýrslutöku. Eins og atvikum er háttað, og þá sérstaklega með vísan til þess að málatilbúnaður ákæruvaldsins byggist að miklu leyti á skjallegum sönnunargögnum, verður litið til framburðar vitnisins við úrlausn málsins þrátt fyrir að verjendur ákærðu hafi ekki átt þess kost að vera viðstaddir þegar vitnið gaf skýrslu sína hjá lögreglu.

Samkvæmt 1. mgr. 172. gr. tollalaga er refsivert að veita rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti vöru en rangur tollflokkur er ekki talinn upp

þar. Í verknaðarlýsingu ákæru er við það miðað að rangar eða villandi upplýsingar varði tegund hluta afurðanna, frosna nautaframparta og með því komið til leiðar að varan var ranglega tollflokkuð. Verður af efni ákæru ráðið að upplýsingarnar varði það að innflutt kjöt væri með beini en ekki án þess eins og raunin var.

Telur dómurinn að við mat á því hvort framangreind saknæmisskilyrði 172. gr. tollalaga séu uppfyllt beri m.a. að líta til atvika heildstætt. Eins og rakið hefur verið var gerð krafa um stórfellt gáleysi sem refsiskilyrði þegar fyrsta sendingin var afgreidd. Af málsgögnum má ráða að a.m.k. ein sending hafi komið til landsins á undan þeim sem greinir í ákæru, 30. september 2015, sem innihélt „frozen chuck“ og „body fat“ eins og þær sem greinir í ákæru og staðfesti ákærða þetta við meðferð málsins. Var sú sending tollflokkuð í flokk 0202.3009, sama flokk og byggt er á að þær sendingar sem í ákæru greinir hefðu átt að fara. Í framburði C við rannsókn málsins kom fram að hún hefði sett sendinguna í þennan flokk þar sem varan var flokkuð á þennan hátt í leyfi MAST. Fyrir liggur tölvupóstur ákærðu frá 29. september 2015 sem bendir til þess að hún hafi þá ætlað að ná sendingunni undir tollkvóta sem var í gildi til 30. sama mánaðar. Þá kvaðst C hafa tollflokkað áfram í samræmi við eldri sendingar en breytt flokkun að beiðni ákærðu. Taldi hún að í einhverju tilviki hefði komið fram hjá ákærðu að kjötið væri með beini en sjálf ekki vitað hvort svo væri.

Af framburði ákærðu má skýrt ráða að hún horfði til þeirrar fjárhæðar sem bar að greiða í aðflutningsgjöld vegna sendinganna og hvort hún væri í samræmi við fyrri sendingar. Í því samhengi má einnig sjá að hún horfði einnig til tollflokks 0202.3009 ef hún taldi það leiða til lægri gjalda. Á þessari fjárhæð hefði hún svo byggt reikning sinn til O sem keypt hafi vöruna af þeim. Ítrekað kemur fram í málsgögnum að hún hafði afskipti af því í hvaða tollflokk varan færi. Þá hefur framburður hennar verið stöðugur um að hún hafi fyrst þegar rannsókn málsins hófst, eftir að sending sem er númer átta í ákæru barst til landsins, fengið upplýsingar um að kjötið væri ekki með beini. Sagði ákærða bæði fyrir dómi og við rannsókn málsins að beinflísar í kjötinu hefðu ruglað hana. Er ekkert fram komið sem bendir til þess að vitneskja hennar fyrir þann tíma hafi verið meiri nema framburður C um að slíkt hefði komið fram einu sinni í samskiptum þeirra. Ákærða lagði fram tilskilin gögn vegna sendinganna, þ. á m. reikninga seljanda. Þá er ekkert fram komið um að tollmiðlari hafi krafist skýringa á innihaldi sendinga og í kjölfar þess upplýst ákærðu um réttan tollflokk og möguleika á ákvörðun tollyfirvalda hvað þetta varðar. Þótt ætla megi að ákærða hafi kynnt sér tollflokka er engin sönnun fram komin

fyrir því að það hafi hún gert nægilega ítarlega til að þekkja þann mun sem er á flokkum 0202.2009 og 0202.3009 samkvæmt tollskrá en af framlögðum gögnum má ráða að þær upplýsingar geti verið misvísandi. Af framburði ákærðu má ráða að hún hafi sjálf verið í vafa um það hvort kjötið væri án beins. Verður niðurstaða málsins hvað þetta varðar ekki byggð eingöngu á framburði starfsmanns P um að ákærða hefði fullyrt slíkt. Að atvikum virtum heildstætt telur dómurinn ekki hafa verið sýnt fram á að ákærða hafi af stórfelldu gáleysi veitt rangar upplýsingar um vöruna. Loks er það mat dómsins að tilgreining hennar á röngum tollflokki í því skyni að aðflutningsgjöld yrðu lægri falli ekki undir verknaðarlýsingu 172. gr. tollalaga.

Fyrir liggur að 172. gr. tollalaga hafði verið breytt þegar þær sendingar sem greinir í tilvikum númer sex til átta voru afgreiddar á þann veg að einfalt gáleysi leiddi til refsíabyrgðar í stað stórfellds. Eins og rakið hefur verið metur dómurinn það svo að um framhaldsbrot sé að ræða vegna og ætluð brotastarfsemi samfellt. Í ljósi þess telur dómurinn að ekki verði gerðar aðrar og vægari kröfur til refsíabyrgðar hvað þau tilvik varðar.

Verður ákærða að njóta vafans um það hvort fram sé komin fullnægjandi sönnun þess hún hafi af stórfelldu gáleysi gefið tollmiðlara rangar upplýsingar um vöruna og jafnframt hvað varðar skýringu á efnisinnihaldi 1. mgr. 172. gr. tollalaga. Með vísan til framangreinds verður því ekki talið að fram sé komin nægileg sönnun þess að ákærða hafi brotið gegn tollalögum eins og í ákæru greinir, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, og verður hún því sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Í II. kafla ákærunnar A- og B-lið eru annars vegar Y og hins vegar Z, ákærð fyrir peningaþvætti sem í ákæru er talið varða við 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 19. gr. d- sömu laga, sbr. 2. mgr. 171. gr. tollalaga nr. 88/2005. Byggir ákæran á því að ákærða X hafi gerst sek um refsivert brot eins og lýst er í I. kafla ákærunnar sem leitt hafi til ólögmarks ávinnings fyrir félögin. Þar sem ákærða hefur verið sýknuð af því broti eru ekki forsendur til annars en að sýkna einnig hin ákærðu félög.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Lúðvíks Arnar Steinarssonar lögmanns, 1.600.000 krónur, og skipaðs verjanda hinna ákærðu félaga Y og Z, Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns, 800.000 krónur. Eru laun lögmannanna ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Finnur Vilhjálmsson saksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**D Ó M S O R Ð:**

Ákærðu, X, Y og Z, eru sýkn af öllum kröfum ákærvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu X, Lúðvíks Arnar Steinarssonar lögmanns, 1.600.000 krónur, og skipaðs verjanda Y og Z, Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns, 800.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)